

FJÖLBRAUTASKÓLINN BREIÐHOLTI  
HAUSTÖNN 2005  
DAGSKÓLI

## **LOKAPRÓF Í HJÚKRUN 503**

24 NÓVEMBER kl 14.30-16.00

Nafn nemanda: \_\_\_\_\_

Kennitala: \_\_\_\_\_

Kennari. Ágústa Jóhannsdóttir

Prófið er 6 blaðsíður með forsiðunni

### **Vægi prófa og verkefna**

Skyndipróf í mars	20 %	einkunn:	_____
Ritgerð í apríl/ kynning	30%	einkunn:	_____
virgni í tímum og umræðum	10%	einkunn:	_____
Lokapróf	40%	einkunn:	_____

Lokaeinkunn: \_\_\_\_\_

### **Tilhögun:**

Krossar	20%
Rétt /rangt fullyrðingar	20%
spurningar	50%
orðapörun	10%

## Krossaspurningar

vægi 20 %

### 1. F.A.S.= fetal alcohol syndrom er

- afleiðingar mikilla reykinga á meðgöngu
- sjúkdómsástand sem þekktist ekki á vesturlöndum
- mun algengara í norður-evrópu en annars staðar
- afleiðingar mikillar áfengisdrykkju á meðgöngu

### 2. Neysla á kokain/ anfetamíni á meðgöngu getur valdið því að börn,

- fæðist með lítið höfuðmál,
- fæðist óvenjulega höfuðstór,
- séu dugleg að sjúga og nærast
- þjáist af engum kvillum

### 3. Við 3ja ára skoðun ( 3 ½ árs) barna er mjög mikilvægt að athuga

- viðbrögð(reflexa) barna
- hvort börn geti hoppað í kross
- sjón barna
- hvort barn geti klætt sig sjálft án hjálpar

### 4. Orsakir fatlana sem rekja má til fæðingarinnar sjálfrar eru m.a vegna

- efnaskiptagalla
- blæðinga
- litningagalla
- áfengisnotkunar

### 5. Meðvirk manneskja er sú manneskja sem

- hefur tilhneingingu til að vekja athygli annarra á vandamálum fjölskyldunnar
- finnur sig ábyrga og vill stjórna hegðun annarra
- vill öðlast færni til að lifa sjálfstæðu lífi
- er yfirleitt með gott sjálfsmat og rólegt lundarfar

### 6. Eftirfarandi atriði ætti að vekja grun hjá okkur að hugsanlega sé um líkamlegt ofbeldi gegn börnum að ræða ef,

- rifbeinsbrot
- viðbeinsbrot
- framhandleggsbrot
- allt ofantalið er rétt

### 7. Apgar er framkvæmt svo hægt sé að meta

- fínhræfingar hjá börnum á fyrsta ári
- þroska barna eftir fæðingu
- ástand barn eftir fæðinguna
- ástand barn í fæðingu

### 8. Við kynþroskaskeið er algengt að

- tíðir hefjist hjá stúlkum 9,5 ára -15,5 ára
- brjóstastækkun eigi sér stað um það bil 1 ári eftir að tíðir hefjast
- sáðfall hjá drengjum hefjist á tímabilinu 9 ára -15 ára
- kynþroskabreytingar taki 2-3 ár

**9. Meðgöngueitrun getur valdið**

- súrefnisskortir í fæðingunni sjálfri
- krömpum hjá barninu
- yfirburafæðingu
- lélegri fylgjustarfssemi á meðgöngu.

**10. Einkenni heilahimnubólgu hjá börnum er**

- höfuðverkur, aukin ljósfælni og hnakkastíffleiki
- verkur í eyrum og höfði
- illa lyktandi þvág
- allt ofantalið

**11. Rannsóknir sýna að börn mæðra sem reykja á meðgöngu**

- fá helmingi oftari nýburagulu
- fæðast með mun minni fitumassa en önnur börn
- er 40% hættara við að fá eyrnabólgu
- allt ofantalið er rétt

**12. Súrefnisskortur hjá barni í fæðingunni sjálfri getur valdið**

- sýkingum
- seinkun á öðru stigi fæðingarinnar
- flogaveiki
- nýburagulu

**13. Einkenni astma hjá börnum er meðal annars að**

- börn eru sljó og slöpp
- kviður getur verið þaninn
- það eru erfiðleikar við innöndun
- það eru erfiðleikar við útöndun

**14. 18 mánaða barn**

- hefur afar frjótt ímyndunarafli
- getur gengið og án stuðnings
- hefur góðan orðaforða
- setur saman einfalt púsluspil örugglega

**15. Einkenni við þrýsting innan höfuðkúpu (intracranial þrýsting) er**

- börn eru mæðin og andstutt
- sjáöldur augna þanin
- mjög óróleg og með sterk viðbrögð
- allt ofantalið rétt

**16. Eitt einkenni vefjspurrks hjá ungbörnum er meðal annars**

- þanin sjáöldur
- höfuðmót innfallin
- sterkari viðbrögð við áreitum
- allt ofantalið er rétt

17. **Eitt einkenna lungnabólgu hjá börnum er,**

- löng og hvæsandi útöndun
- nasavængjablak
- hægur púls
- allt ofantalið er rétt

18. **Góð aðferð við að meta verki hjá börnum yngri en 10 ára er að**

- spyrja barnið sjálft
- nota skalaspurningar
- spyrja foreldrana
- allt ofantalið er rétt

19. **Orsakir fatlana fyrstu æviár barnsins er oftast vegna,**

- höfuðslysa
- sjúkdóma, eins og heilahimnubólga
- nær-drukkun
- allt ofantalið

20. **Einkenni þvagfærasýkinga hjá börnum eru meðal annars,**

- illa lyktandi þvag og tíð þvaglát
- börn eru andstutt og móð
- erfitt er að róa þau
- ekkert ofantalið er rétt.

## Orðapörun

10%

1) Fontanella	mjög lítil þvaglát
2) Meningitis	meðvirkni
3) Pneumonia	fæðingarþunglyndi
4) co-dependency	brjóstagjöf
5) post partum depression	sængurlegutár
6) amning	fetal alkahól syndrom
7) pre-eclampsía	heilahimnubólga
8) post-partum blues	heilahimnubólga
9) oligouria	lungnabólga
10) FAS	höfuðbeinamót

## Rétt / rangt spurningar (20%)

setjið S / Ó á strikið

1. Áverkar á enni eða hnjúm hjá litlum börnum **eru líkleg** til að vekja grunsemdir að um líkamlegt ofbeldi sé að ræða \_\_\_\_\_
2. Unglingsárin eru eingöngu líkamleg þroskaár \_\_\_\_\_
3. Nýburagula er algengari hjá fyrirburum \_\_\_\_\_
4. Kynþroskaskeiðið tekur venjulega 3-5 ár \_\_\_\_\_
5. Alkaholismi í fjölskyldunni hefur ekki áhrif á alla fjölskyldumeðlimi \_\_\_\_\_
6. Í 3ja ára skoðun er megináherslan sjónpróf \_\_\_\_\_
7. Þeir sem þjást af geðröskunum þurfa allir innlögn á sjúkrahús \_\_\_\_\_
8. Útfærslutímabilið kemur í kjölfar útvíkkunartímabilsins \_\_\_\_\_
9. Ungabörn með lungnabólgu eru **oft** hitalaus \_\_\_\_\_
10. Neysla örvandi efna á meðgöngu getur valdið fylgjulosi \_\_\_\_\_
11. Rannsóknir sýna að brjóstgjöf er algjör forsenda tengslamyndunar móður og barns \_\_\_\_\_
12. Geðröskun eins og ofsakvíði er aldrei lífshættulegt ástand \_\_\_\_\_
13. Geðklofi (schitzophrenía) er afar erfitt að meðhöndla á fullnægjandi hátt \_\_\_\_\_
14. Neysla örvandi efna hefur engin áhrif á gang geðraskana \_\_\_\_\_
15. Áfengissýki er algengari hjá körlum en konum \_\_\_\_\_
16. Gula hjá fyrirburum er algengari en hjá fullburða börnum \_\_\_\_\_
17. Konu með meðgöngueitrun ætti alltaf að leggja inn \_\_\_\_\_
18. Unglingar á aldrinum 13-19 ára hafa samkvæmt kenningum Eriksonar þörf fyrir að taka á grundvallarspurningum um trúmál, fjármál, kynhegðan og háralit \_\_\_\_\_
19. Mestu máli skiptir í áfengismeðferð að vera úthvildur og látinn afskiptalaus \_\_\_\_\_
20. Sjúkleiki eins fjölskyldumeðlims hefur alltaf sömu áhrif á alla fjölskyldumeðlimi \_\_\_\_\_

## SPURNINGAR

50%

1. Á **hvaða mínútum** eftir fæðingu er Apgar metinn, **hvaða þætti** er verið að meta og hvernig fer sú athugun fram, **hvers vegna** er verið að gefa barninu apgar eftir fæðingu og hvað getur það þýtt ef barn er með lága tölu í heildarmati? 6%
2. Þú ert að vinna á barnadeild þar sem 3ja ára barn kemur á deildina og er með verki. Segðu frá hvernig þú hagar umönnun við barnið og fjölskylduna, með tilliti til verkja og hvernig við getum metið þá best. 6%
3. 1 árs barn með þvagfærasýkingu kemur á deildina til þín.. hvað ber að hafa í huga við hjúkrun þess og hvaða einkenni hefur það ? 5%
4. 2ja ára barn kemur á deildina til þín með alvarleg asmaeinkenni.. hver eru þau, hvernig hjúkrar þú barninu best og hvað þarf að hafa í huga í umhverfi þess? 5%
5. Útskýrið í **stuttu máli** hverjar afleiðingar áfengisdrykkju eru á heimilisfólk, börn og maka, hvaða einkenni ber fjölskyldan, hvað einkennir samskipti hennar og hvaða hlutverk eru þekkt sem mynstur í þessum fjölskyldum. 8%
6. Punglyndi er sjúkdómur sem leggst oft þungt á fólk. Segið frá hvað **við sjáum** oft sem **einkenni hjá** einstakling sem þjáist af þunglyndishugsunum, **hvernig** best er talið að nálgast hann og annast, og **hvað getum við gert** til að aðstoða hann til bata. 10%
7. Geðhvarfasýki er sjúkdómur sem getur farið illa með einstaklinga. Hvað **einkenni** geðhvarfasýki, **hvernig er meðferð** háttað og **hvernig** komum við best að hjúkruninni? 10%

*Gleðileg jól kærri nemendur og gangi ykkur vel*

*með jólakveðju  
með sámu Agústu*